

Fundargerð 8. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2012, föstudaginn 23. nóvember kl. 15:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Stefán Bogi Sveinsson, Sveinn Steinarsson, Jens Pétur Jensen, Gunnar Þorgeirsson, Dagbjört Jónsdóttir og Eyjólfur Sæmundsson. Inn á fundinn komu Friðfinnur Hermannsson og Hákon Gunnarsson frá Jarðvarmaklasanum.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson og ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Stjórnarfundir Samtaka orkusveitarfélaga

Lögð fram til kynningar fundargerð 7. fundar frá 15. október 2012.

Starfsmanni falið að senda hana út á aðildarsveitarfélög.

2. Tímasetning stjórnarfunda

Rætt um tímasetningu og fyrirkomulag funda. Formaður lagði fram drög að fundaráætlun fyrir árið 2013.

Samþykkt að miða við að hafa annan hvern fund símafund en miða einnig við fundarefni og þörf á hverjum tíma.

11. janúar: Fundur í Reykjavík. Gestir á fundinum verði formaður og framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga

22. mars: Símafundur

17. maí: Vorfundur stjórnar SO. Taka heilan dag eða einn og hálfan í að fara eitthvað út fyrir höfuðborgarsvæðið, t.a.m. í Þingeyjarsýslurnar

23. ágúst: Símafundur

4. október: Orkufundur í tengslum við fjármálaráðstefnu sveitarfélaga

Gera má ráð fyrir tveimur stjórnarfundum til viðbótar á árinu 2013 í tengslum við orkufund og við fund með Landsvirkjun.

3. Fjármál samtakanna

Lagt fram til kynningar yfirlit yfir stöðu fjármála hjá samtökunum. Fram kom að fjárhagsstaðan er í samræmi við áætlanir.

Starfsmanni falið að ganga frá uppgjöri ráðstefnunnar. „Sanngjörn skipting arðs af orkuauðlindum“, svo hægt sé að innheimta styrk frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Árgjöld verða innheimt í byrjun næsta árs.

4. Ráðstefnan „Sanngjörn skipting arðs af orkuauðlindum“

Farið yfir ráðstefnuna og hvernig upplýsingum frá henni verður dreift til aðildarsveitarfélaga.

Formanni og ritara falið að taka saman punkta um ráðstefnuna sem sendir verða aðildarsveitarfélögum sem og settir inn á vefinn.

Ályktun stjórnar:

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga þakkar þeim fjölmörgu fyrirlesurum og gestum sem tóku þátt í ráðstefnu á vegum samtakanna að Svartsengi þann 16. nóvember sl. undir yfirskriftinni „Sanngjörn skipting arðs af orkuauðlindum“. Á ráðstefnunni kom að mati stjórnarinnar fram með skýrum hætti að núverandi skattaumhverfi orkuíðnaðarins á Íslandi er ófullkomið og setur sveitarfélög og

orkufyrirtæki í óásættanlega stöðu þegar kemur að því að nýta þær auðlindir sem er að finna víðs vegar um landið. Athyglisvert er að um þetta var töluverður samhljómur með fulltrúum frá sveitarfélögum og Landsvirkjun. Stjórnin skorar á Alþingi og ríkisstjórn að vinna að því bráðan bug að endurskoða lög um skattlagningu orkuframleiðslu og orkumannvirkja og bendir m.a. á að í Noregi er að mati samtakanna að finna mögulega fyrirmynd hvað þetta varðar.

Ályktunin var samþykkt samhljóða.

Formanni og framkvæmdastjórn falið að koma þessu á framfæri við ráðamenn, fjölmiðla, orkufyrirtæki, dreifingaraðila raforku og fleiri.

Formanni falið að leita til utanríkisráðuneytisins og athuga hvort norsk löggjöf um skattlagningu orkuframleiðslu hafi verið þýdd á íslensku.

5. Erlend samskipti

Rætt um frekari samskipti við systursamtök í Noregi og Svíþjóð en stjórn orkusveitarfélaga í Noregi verður hér á landi í sumar og í ágúst munu þau halda ársfund.

Stjórn orkusveitarfélaga stefnir á að reyna að funda með stjórn norskra orkusveitarfélaga þegar hún kemur hingað til lands í sumar. Einnig stefnt að því að senda fulltrúa á ársfund orkusveitarfélaga í Noregi.

6. Auðlindastefnunefnd

Samþykkt að drög að erindi til nefndarinnar, byggt á því sem áður hefur verið lagt fram á fundi stjórnar, verði sent út til stjórnarmanna og afgreitt í tölvupósti.

7. Tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (Rammaáætlun)

Lögð fram tillaga að ályktun stjórnar samtakanna um málið.

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga vill árétta nauðsyn þess að allar ákvarðanir um orkunýtingu séu teknar í sem víðtækastri sátt og að um slíka ákvarðanatöku gildi skýrar og gegnsæjar reglur. Stjórnin lýsir yfir stuðningi við hugmyndafræði áætlunar um vernd og orkunýtingu en árættar jafnframt að til að sátt megi ríkja um hana er mikilvægt að fyrst og fremst sé byggt á þeim faglegu sjónarmiðum sem réðu för þegar tillögur um flokkun virkjanakosta voru mótaðar í upphafi. Að mati stjórnarinnar er óeðlilegt að pólitísk inngrip á síðari stigum ráði því í hvaða flokka tilteknir virkjanakostir falla og varar alþingismenn við því að með slíkum vinnubrögðum er hætt við að lítil sátt náist milli ólíkra sjónarmiða í málaflokknum.

Ályktunin var samþykkt samhljóða.

8. Fundur með Landsvirkjun

Rætt um boð á fund með Landsvirkjun og viðbrögð við því.

Stjórn orkusveitarfélaga felur formanni að óska eftir fundi með Landsvirkjun. Stefnt skal að því að fundurinn fari fram snemma á nýju ári.

9. Orkusala um sæstreng

Rætt um hugmyndir að orkusölu um sæstreng

Stjórn samtakanna telur mikilvægt að fylgjast með þróun mála í þessum efnum enda getur verið um mikla hagsmuni að ræða fyrir orkusveitarfélögin.

10. Heimasíða

Rætt um fyrirhugaða heimasíðu sambandsins. Starfsmaður gerði grein fyrir kostnaði vegna heimasíðunnar.

Samþykkt að fela starfsmanni að útbúa heimasíðu fyrir Samtök orkusveitarfélaga með léninu www.orkusveitarfelog.is.

11. Jarðvarmaklasinn

Á fundinn komu Friðfinnur og Hákon á vegum Jarðvarmaklasans og kynntu fyrir stjórninni verkefni sitt. Einnig kynntu þeir tvo viðburði sem eru framundan hjá þeim. Annars vegar samráðsfund um framtíðarstefnumótun á sviði jarðvarmanýtingar sem fer fram 29. nóvember nk. á Hótel Sögu og hins vegar niðurstöðufundur sem haldinn verður 6. desember í Hörpu.

Stjórn orkusveitarfélaga samþykkir að senda 2-4 fulltrúa á fundinn sem fer fram 29. nóvember.

12. Önnur mál

Stefnumörkun og markmið:

SS benti á að rétt væri að taka saman á einfaldan og greinargóðan hátt markmiðin með vinnu samtakanna eins og þau birtast í samþykktum þeirra og út frá öðru starfi. Þetta geti verið mikilvægt veganesti inn á fyrirhugaða fundi,

Stjórnin tekur undir þetta og felur formanni ásamt framkvæmdastjórn að taka saman drög að slíku og leggja fyrir stjórnarfund.

Fundi var slitið kl. 17:00